

Það má máske segja, að ef meðstefnandi Jóhann Bárðarson gæti talist í fullkominni »góðri trú« um verksamninginn eða honum verið hann ókunnur og verksmiður talið honum trú um, að bærinn borgaði, að þá hefði máske verksmiður gjört það verk, að bærinn hefði verið bundinn við ráðstafanir hans, en það sést ekki, að svo hafi verið, heldur margt, sem bendir í gagnstæða átt, þar á meðal, að meðstefnandi Jóhann Bárðarson neitar því ekki, að hafa lesið verksamninginn milli verksmiðs og búnefndar. Það virðist því eiga að sýkna hina stefndu bæjarstjórn af öllum kröfum stefnenda í máli þessu, þar á meðal málskostnaðarkröfu.

Eftir úrslitum málsins virðist rétt að vera, að stefnendur greiði hinni stefndu bæjarstjórn málskostnað, sem hæfilega er metinn 160 kr.

Miðvikudaginn 30. jan. 1929.

Nr. 81/1928. **Helgi Benediktsson f. h. Verzlunarfélags Vestmannaeyja**

gegn

Jóni Heiðberg.

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi Helgi Benediktsson f. h. Verzlunarfélags Vestmannaeyja, sem ekki mætir í málinu, greiði 50 kr. aukagjald til rikissjóðs, ef hann af nýju vill fá mál sitt tekið fyrir í hæstarétti.

Mánudaginn 4. febrúar 1929.

Nr. 3/1929.

Valdstjórnin (Lárus Jóhannesson)

gegn

Anton Christensen (Lárus Fjeldsted).

Áfengisлага- og bifreiðalagabrot.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 22. nóvbr. 1928: Stefndur, Anton Christensen, missi ökuskírteini sitt í

tvö ár frá lögbirtingu dóms þessa að telja, og greiði auk þess 150 kr. sekt í rikissjóð innan 30 daga frá lögbirtingu dómsins, ella sæti hann í stað sektarinnar einföldu fangelsi í 10 daga. Loks greiði hann og allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað.

Dóminum að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Það athugast, að brot kærða er framið 1. nóvbr. f. á., en ekki 2. s. m., svo sem segir í lögregluréttardóminum.

Að öðru leyti má staðfesta dóminn af þeim ástæðum, er þar eru fram teknar, þó þannig, að kærði á að missa ökuskirteini sitt í 3 ár.

Kærða ber að greiða allan kostnað málsins í hæstarétti, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda, 60 kr. til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða lögregluréttardómi skal óraskað, þó þannig, að kærði, Anton Christensen, missi ökuskirteini sitt í 3 ár frá birtingu lögregluréttardómsins að telja.

Kærði greiði allan kostnað málsins í hæstarétti, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarétti, hæstaréttarmálaflutningsmannanna, Lárusar Jóhannessonar og Lárusar Fjeldsted, 60 kr. til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað af valdstjórnarinnar hálfu gegn Anton Christensen, til heimilis í húsi við Skeiðvöllinn hjá Elliða-

ánum hér í bænum, fyrir brot gegn ákvæðum áfengislaganna nr. 64 frá 7. maí 1928, bifreiðalaganna nr. 56 frá 15. júní 1926 og lögreglusamþykktar Reykjavíkur frá 19. apríl 1919.

Málavextir eru þeir, er hér greinir:

2. f. m., um kl. 2 e. h., fór kærður inn í Áfengisverzlun ríkisins og keypti þar tvær flöskur af portvini, sem hann fór með út í bifreið sína, og ók þá í burtu ásamt öðrum manni, að nafni Erling Olsen Waagaard. Óku þeir síðan út í útjaðar bæjarins, en ekki er upplýst hvert, og sátu þar saman í bifreiðinni og drukku þetta áfengi. Þá ók kærður á stað aftur og suður Bergstaðastræti, en við Bergstaðastræti 68 var verið að grafa skurð all stóran eftir miðri götunni og ók kærður bifreiðinni niður í skurðinn, og sat hún þar fóst. Þetta var tilkynnt á lögreglustöðina og fór Erlingur Pálsson yfirlögregluþjónn, ásamt tveimur öðrum lögregluþjónum, Guðlaugi Jónssyni og Sigurði Gíslasyni, á staðinn, og sáu þeir, hvar vöruflutningabifreiðin R.E. 315 var niðri í djúpum skurði langs eftir miðri götunni og var með fullum ljósum, en inni í stýrishúsinu sátu þeir Waagaard og kærður, báðir mikið drukknir. Var farið með kærðan í varðhald, en er hann var kominn inn í fangahúsið, sýndi hann af sér svo mikinn mótþróa, að nauðsynlegt þótti að setja hann í járn.

Kærður hefir viðurkennt það, að hann hafi keypt 2 portvinsflöskur í Áfengisverzlun ríkisins þenna umrædda dag og drukkið þær í bifreið sinni ásamt Waagaard, og hefir hann jafnframt viðurkennt það, að hann hafi verið orðinn drukkin, en þó ekki svo, að það hafi gjört sér neitt til við bifreiðaraksturinn, og kveður hann ástæðuna til þess, að hann ók niður í skurðinn, eingöngu hafa verið þá, að engin merki voru sett þar við til leiðbeiningar vegfarendum. Kærður hefir haldið því fram, að hann hafi fyrst fundið það, að hann hafi verið drukkin, er hann sté út úr bifreiðinni og lögregluþjónarnir komu að.

Fjögur vitni hafa verið leidd í máli þessu. Vitnið Erling Olsen Waagaard, sem var með kærðum í bifreiðinni, hefir borið það, að kærður hafi verið undir áhrifum áfengis, en þó hafi það ekki tekið eftir því, að það hafi gjört honum neitt til við aksturinn. En með því að það kom fram undir rannsókn málsins, að vitnið hafði verið nokkuð undir áhrifum áfengis á þessum tíma, og líklegt má telja, að dómgreind

Þess hafi ekki verið í fullkomnu lagi, þótti ekki rétt að láta vitnið staðfesta framburð sinn með eiði.

Vitnin, Erlingur Pálsson yfirlögregluþjónn og Guðlaugur Jónsson lögregluþjónn, sem bæði hafa staðfest framburð sinn með eiði, og einnig Sigurður Gíslason lögregluþjónn, sem ekki gat staðfest framburð sinn með eiði, með því að hann var fjarverandi, er eiðvinning fór fram, hafa öll borið það, að kærður hafi verið mjög ölvaður, er hann kom út úr bifreiðinni, hafa þau borið það, að kærður hafi bæði slagað og verið með drykkjuröfl og jafnframt sýnt mótþróa, er hann var settur inn í fangahúsið.

Þetta framferði kærðs ber augljósan vott um það, þrátt fyrir mótmæli hans, að hann hafi verið ölvaður, er hann ók bifreiðinni, þar sem þar við bætist, að hann ók bifreiðinni niður í skurð þann, sem áður um getur, því að enda þótt kærður hafi haldið því fram, að ástæðan fyrir því, að hann ók bifreiðinni niður í skurðinn, hafi verið sú, að engin merki voru sett upp til leiðbeiningar vegfarendum, sem gætu gefið til kynna skurðgröftinn, þá verður ekki hægt að telja það ástæðuna, með því að lögregluþjónarnir, sem leiddir voru vitni í þessu máli, hafa borið það, að staðurinn hafi verið sæmlega upplýstur af götuljósunum og langsamlega vegljóst, enda telja vitnin, Erlingur Pálsson yfirlögregluþjónn og Guðlaugur Jónsson lögregluþjónn, að akstur kærðs niður í skurðinn hafi ekki getað stafað af öðru en ölvun hans.

Kærður gekk inn á 80 króna sekt $\frac{6}{8}$ 1928 fyrir það að hafa ekið bifreið drukkinn, eftir því er séð verður af skýrslu lög-reglustjórans til dómarans, og þá hefir kærður og verið sektaður um 50 krónur $\frac{13}{8}$ 1928 fyrir brot gegn ákvæðum laga nr. 21/1926 og um 150 krónur $\frac{3}{10}$ 1928 fyrir brot gegn ákvæðum sömu laga.

Framantalið brot kærðs ber að áliti dómarans að heimfæra undir 20. gr. áfengislaganna nr. 64 frá 7. maí 1928 og 5. gr. 4. lið bifreiðalaganna nr. 56 frá 15. júní 1926 og 48. gr. 4. lið lög-reglusamþykktar Reykjavíkur frá 19. apríl 1919, og þykir refsing sú, sem hann hefir tilunnið, hæfilega ákveðin eftir 20. gr. áðurnefndra áfengisлага og 5. gr. 4. lið, sbr. 14. gr. áðurgreindra bifreiðalaga og 48. gr. 4. lið áðurgreindrar lög-reglusamþykktar, missir ökuskirteinis í tvö ár frá birtingu dóms þessa að telja. Auk þess greiði hann 150 króna sekt í ríkis-

sjóð innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa, ella sæti hann í stað sektarinnar einföldu fangelsi í 10 daga. Þá greiði kærður og allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

Miðvikudaginn 6. febrúar 1929.

Nr. 28/1928. **Sveinn Jón Ásmundsson** (L. Fjeldsted)
 gegn
**lögreglustjóra Reykjavíkur f. h. ríkis-
 sjóðs** (Jón Ásbjörnsson).

Lögtak fyrir þinggjaldi.

Lögtaksgjörð framkvæmd í fógetarétti Reykjavíkur 28. febrúar 1928.

Dómur hæstaréttar.

Með kaupmála, dags. 21. maí 1926 og skrásettum daginn eftir, giftingardag þeirra hjóna, áfrýjanda og konu hans, Lovísu Lúðviksdóttur, er meðal annars svo ákveðið: »Allir innanstokksmunir, hverju nafni sem nefnast, svo sem svefnherbergishúsgögn, borðstofuhúsgögn, matreiðslu- og eldhúsáhöld öll, hljóðfæri, málverk og annað skraut innanhúss, bæði það, sem við höfum nú þegar keypt eða kunnum síðar að eignast, skulu vera séreign mín, Lovísu Lúðviksdóttur«.

En 28. febr. 1928 var gjört lögtak í ýmsum innanstokksmunum á heimili nefndra hjóna fyrir þinggjaldi áfrýjanda 1927, að upphæð 540 kr. 84 aura.

Þessari lögtaksgjörð hefir áfrýjandi skotið til hæstaréttar með stefnu, dags. 24. apríl f. á., og krafizt ónýtingar hennar, til vara að nokkru leyti, og máls-